

12

24. febr.

## REGLUGERÐ

### um sjúkrahús líknarfélagsins Hvítabandið í Reykjavík.

#### 1. gr.

Sjúkrahús Hvítabandsins, nr. 37 við Skólavörðustíg hér í bæ, ásamt öllum búnaði, er sjálfseignarstofnun undir umsjón og eftirliti félagsins Hvítabandið.

#### 2. gr.

Stofnunin er líknarstofnun og starfar í þeim tilgangi að veita hverjum þeim sjúklingi viðtöku (sbr. þó 2. mgr. og 4. gr.), er þangað leitar að ráði löggilts læknis, og veita honum þá hjúkrun og aðhlyningu, sem unnt er og þörf er á, við sanngjörnu verði.

Sjúkrahúsið hefir þó ekki rétt til að taka til vistar smitandi berklasjúklinga, né heldur sjúklinga haldna næmum farsóttum.

#### 3. gr.

Sjúkrahúsið er löggilt fyrir 33 sjúklinga.

#### 4. gr.

Sjúkrahúsið tekur ekki við sjúklingum, nema fullkomin trygging sé sett fyrir öllum kostnaði af vist þeirra, og heimilt er að krefjast nokkurrar fyrirframgreiðslu.

Frá ákvæðum þessarar greinar má því aðeins víkja að brýna nauðsyn beri til, og skal þá þegar gera ráðstafanir til að greiðsla verði trygg.

Daggjöld fyrir sjúklinga og greiðslur fyrir annað, sem í té er látið, ákveður sjúkrahúsráðið með hliðsjón af daggjaldi annara sjúkrahúsa svo lág sem fært þykir, en þó þannig að hag sjúkrahússins sé borgið. Læknishjálp greiða sjúklingar hver sínum lækni samkvæmt samningi þeirra í milli, og eru þær greiðslur stofnuninni óviðkomandi.

Sjúkrahúsráðinu er þó heimilt að ákveða daggjöld þannig, að læknishjálp sé innifalin.

#### 5. gr.

Fastir læknar eru ekki aðrir en yfirlæknir. Heimilt er þó sjúkrahúsráðinu að ráða fleiri fasta lækna ef þurfa þykir. Tekið verður við sjúklingum frá hverjum löggiltum lækni, eftir því sem ástæður leyfa og hentugt þykir.

#### 6. gr.

Til þess að stjórna fyrirtækinu er skipuð sérstök nefnd — sjúkrahússráð — sem hefir æðstu stjórn á og umsjón með sjúkrahúsinu og rekstri þess.

Sjúkrahússráðið er skipað fimm meðlimum á þann hátt er hér segir:

Formaður félagsins Hvítabandið er sjálfkjörinn meðlimur ráðsins.

Aðalfundur félagsins kýs auk þess árlega einn meðlim í ráðið á sama hátt og stjórn félagsins er kosin.

Í upphafi eru þeir kosnir tveir og ganga síðan úr til skiptis árlega, þannig að sá gengur fyrr úr er lengur hefir setið.

Fjórði meðlimur ráðsins, sem skal vera löggiltur endurskoðandi, skal, meðan ógreidd eru lán þau, sem nú hvíla á þriðja veðrétti í húsinu Skólavörðustíg 37, tilnefndur af eigendum þess skuldabréfs. Þegar lánið er greitt skal fjórði meðlimur ráðsins kosinn árlega af bæjarstjórn Reykjavíkur, enda sé veittur styrkur til stofn-

unarinnar úr bæjarsjóði er nemi a. m. k. 0,50 au. á legudag. Sé slikur styrkur ekki veittur, kýs félagið einnig fjórða meðlim ráðsins og gengur þá einn úr þriðja hvert ár. 12  
24. febr.

Þessi endurskoðandi hefir, auk setu í ráðinu, með höndum viklu- eða mánaðarlegt eftirlit með reikningshaldi sjúkrahússins.

Fimmti meðlimur ráðsins skal valinn af hinum fjórum. Ræður afl atkvæða úrslitum, en séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns félagsins.

#### 7. gr.

Sjúkrahússráðið ræður allt starfsfólk stofnunarinnar og segir því upp. Hjúkrunarfólk skal þó ráðið í samræmi við yfirlækni og getur hann sagt því upp í samráði við ráðið.

Hjúkrunar- og annað starfsfólk skal ráðið með sérstökum samningi hverju sinni og sömu kjörum og gerist um sambærilegar stofnanir.

#### 8. gr.

Daglegar framkvæmdir annast yfirlæknir, yfirhjúkrunarkona og ráðsmaður eða ráðskona sjúkrahússins hvert á sínu sviði, undir yfirumsjón ráðsins, enda sker það úr um þau ágreiningsmál, er upp kynnu að koma milli þessara þriggja aðila.

#### 9. gr.

Sjúkrahúsráðið heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og skulu fundargerðir þess bókfærðar.

Á ráðsfundum ræður afl atkvæða úrslitum, og er fundur lögmatgur, ef meira en helmingur meðlima er mættur.

Sjúkrahúsráðið kemur fram gagnvart þriðja manni fyrir stofnunarinnar hönd, og getur skuldbundið stofnunina og eignir hennar með ályktunum sínum og samþykktum. Til þess að veðsetja fasteign félagsins þarf þó samhljóða samþykki allra meðlima ráðsins. Það getur og veitt ráðsmanni eða ráðskonu eða einhverjum meðlima sinna prókúruumboð fyrir stofnunina.

#### 10. gr.

Sjúkrahússráðið sér um að reikningar stofnunarinnar séu vel og greinilega færðir, sjóðir varðveittir tryggilega og rekstrinum hagað þannig, að komist verði sem mest hjá allri fjárhagslegri áhættu.

#### 11. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Sér sjúkrahússráðið um að fullnaðarreikningsskil fyrir hvert liðið ár séu til eigi síðar en í febrúarmánuði næsta árs.

Skulu reikningarnir þá afhentir þar til kjörnum endurskoðendum félagsins til athugunar og síðan lagðir fyrir aðalfund félagsins til samþykktar.

Er samþykki aðalfundar á reikningunum fullnaðarkvittun til ráðsins fyrir rekstri öllum á hinu liðna ári.

#### 12. gr.

Þegar stofnunin hefir greitt skuldir sínar þannig, að ekki er meira eftir en sem nemur helmingi af fasteignamati byggingarinnar, má sjúkrahússráðið veita þurfsandi sjúklingum afslátt á greiðslum og jafnvel ókeypís vist, þó aldrei svo að raski öruggum fjárhag stofnunarinnar.

#### 13. gr.

Nánari reglur fyrir stofnunina og starfsemi hennar setur ráðið eftir því sem þurfa þykir, svo setur það og starfsmönnum erindisbréf ef ástæða þykir til.

12

14. gr.

24. febr.

Reglugerð þessi fær gildi er aðalfundur hefir samþykkt hana og heilbrigðismálaráðherra staðfest hana. Henni verður því aðeins breytt að sama aðferð sé höfð.

Reglugerð þessi staðfestist hér með.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 24. febrúar 1937.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

13

## REGLUGERÐ

4. marz

**um viðauka við reglugerð um útvarpsrekstur ríkisins frá 24. janúar 1936.**

Á eftir orðunum: „og er þá uppsögnin bundin við 30. júní sama ár“ í 55. gr. komi ný setning svo hljóðandi: Útvarpsnotandi, sem segir upp útvarpsnotum, getur ekki tekið þau upp að nýju fyrir en að 6 mánuðum liðnum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 68, 28. des. 1934, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í kennslumálaráðuneytinu, 4. marz 1937.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

14

## ARÐSKRÁ

4. marz

**fyrir veiðifélag Vatnsdalsár.**

Arður af veiði í fiskihverfi Vatnsdalsár telst í 1300 einingum, er skulu skiptast milli jarða á félagssvæðinu, svo sem hér segir:

Hjaltabakki .....	33
Skinnastaðir .....	34
Akur .....	62
Stóra-Giljá .....	5
Beinakelda .....	4
Litla-Giljá .....	4
Hnausar .....	88
Bjarnastaðir .....	50
Másstaðir .....	12
Hjallaland .....	10
Hvammur .....	20
Eyjólfstaðir og Bakki .....	18
Hof .....	32
Köflustaðir .....	18
Gilá .....	10
Mararnúpur .....	6
Guðrúnarstaðir .....	2
Kárdalstunga .....	1
Þórormstunga .....	38
Þorfustaðakot .....	44